

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/24/01		Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA birt samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókuar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (mál nr. 76958 – Color Line/sveitarfélagið Sandefjord) – Skuldbindingar sem Color Line býðst til þess að taka á sig	1
2016/EES/24/02		Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA birt samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókuar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (mál nr. 76958 – Color Line/sveitarfélagið Sandefjord) – Skuldbindingar sem sveitarfélagið Sandefjord býðst til þess að taka á sig	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/24/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7877 – Warburg Pincus/ General Atlantic/Unicredit/Santander/SAM/Pioneer)	7
2016/EES/24/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7910 – Kesko/Onninen)	8
2016/EES/24/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7949 – Norwegian/ Shiphold/OSM Aviation)	9
2016/EES/24/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7985 – SEGRO/PSPIB/ Target Assets) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2016/EES/24/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7992 – Starwood Capital Group/Banco Sabadell/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2016/EES/24/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8002 – Apollo Management/Açoreana Seguros) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12

2016/EES/24/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8021 – Bridgepoint/ Summit Partners/Calypso Technology) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2016/EES/24/10	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. janúar 2016 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál AT.40028 – Alternators and Starters)	14
2016/EES/24/11	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. maí 2016	14
2016/EES/24/12	Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	15
2016/EES/24/13	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við . . .	16

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA birt samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla
bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

2016/EES/24/01

(mál nr. 76958 – Color Line/sveitarfélagið Sandefjord)

Skuldbindingar sem Color Line býðst til þess að taka á sig

1 Inngangur

Samkvæmt 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið — í málum þar sem stofnunin hyggst taka ákvörðun í því skyni að binda enda á brot og þau fyrirtæki sem hlut eiga að máli bjóðast til þess að koma til móts við athugasemdirnar sem Eftirlitsstofnun EFTA gerir í bráðabirgðamati sínu — að gera þær skuldbindingar bindandi fyrir fyrirtækin. Unnt er að taka slíka ákvörðun með þeim hætti að hún gildi um tiltekið tímabil og skal hún fela í sér að ekki sé lengur ástæða til aðgerða af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA. Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól skal Eftirlitsstofnun EFTA birta stutt ágríp af málsatvikum og meginefni skuldbindinganna. Þeir sem eiga hagsmuna að gæta geta lagt fram athugasemdir innan þess frests sem stofnunin ákveður.

2 Ágríp af málsatvikum

Eftirlitsstofnun EFTA hóf 5. mars 2015 formlega málsmeðferð gegn Color Line AS, Color Transport AS og Color Group AS („Color Line“) að því er varðar hugsanleg brot á 53. gr. og/eða 54. gr. EES-samningsins með því að ganga til og/eða staðfesta hafnarsamning við sveitarfélagið Sandefjord sem veitti langtíma einkarétt, og/eða vernd að því er varðar siglingaáætlun Color Line sem hugsanlega leiddi til skaðlegra áhrifa á samkeppni að því er varðar farþegarferjuþjónustu á stuttum siglingaleiðum með sölu á tollfrjálsum varningi á milli Noregs og Svíþjóðar.

Gerð var dómsátt með samningi („sáttin“) milli Color Line, Fjord Line AS („Fjord Line“) ⁽¹⁾, og sveitarfélagsins Sandefjord, 24. ágúst 2015, samkvæmt 19. gr. norskra laga um sættir í einkamálum. Sáttin felur í sér lok málareksturs vegna einkamáls sem Fjord Line höfðaði gegn Color Line og sveitarfélaginu Sandefjord, sem m.a. hefur staðið yfir fyrir héraðsdómstól í Sandefjord, Noregi. Í sáttinni er kveðið á um réttindi og skyldur sem hvíla á Fjord Line, Color Line og sveitarfélaginu Sandefjord, einkum að því er varðar siglingatíma frá höfnum Sandefjord (Noregi) og Strömstad (Svíþjóð) og aðgangi að tilteknum innviðum hafna Sandefjord og Strömstad.

Afrit af sáttinni var send Eftirlitsstofnun EFTA hinn 24. ágúst 2015. Eftirlitsstofnun EFTA gerði í kjölfarið tiltekna fyrirvara við sáttina hvað varðar réttindin sem veitt voru Color Line og sveitarfélaginu Sandefjord. Til þess að bregðast við þessum fyrirvörum gekk Color Line til sammings við sveitarfélagið Sandefjord 7. september 2015, þar sem tilteknar skyldur og réttindi í tengslum við úthlutun siglingatíma frá Sandefjord-höfn voru endurskoðuð.

Í framhaldi af viðræðum um skuldbindingar við Color Line og sveitarfélagið Sandefjord 7. október 2015 gaf Eftirlitsstofnun EFTA út bráðabirgðamat í skilningi 1. mgr. 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem beint var til Color Line og sveitarfélagsins Sandefjord, í þeirri röð.

Í bráðabirgðamati sínu gagnvart Color Line var það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að Color Line hefði stundað eftirfarandi viðskiptahætti sem kynni að brjóta gegn 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins.

⁽¹⁾ Fjord Line er nýr aðili á viðkomandi markaði og kvartandi í málinu sem hér um ræðir.

Hafnarsamningarnir (eins og þeir voru fyrir sáttina sem gerð var 24. ágúst og 7. september 2015) milli Color Line og sveitarfélagsins Sandefjord hafa komið í veg fyrir að keppinautar Color Line ættu raunhæfan möguleika á því að komast að í ferjusiglingum milli Sandefjord og Strömstad. Með langtímasamningi sveitarfélagsins Sandefjord við Color Line og í framhaldi af einkarétti Color Line sem þegar hafði verið til staðar í óhóflega langan tíma, miðað við þær fjárfestingar sem hafðar voru til samanburðar, hélt Color Line áfram að áskilja sér álitlegasta siglingatímamann og stóran hluta af afkastagetu Sandefjord-hafnar um mjög langt skeið.

Color Line hefur því með því að gera langtímahafnarsamninga við sveitarfélagið Sandefjord, auk þess að halda fast í ætluð réttindi sín samkvæmt hafnarsamningunum, komið í veg fyrir raunhæfan möguleika á aðgangi og auknum umsvifum á þeim markaði sem um ræðir fyrir farþegaferjuþjónustu á stuttum siglingaleiðum með sölu á tollfrjálsum varningi á áætlunarleiðinni Sandefjord – Strömstad.

3 Meginefni skuldbindinganna sem boðist var til að takast á hendur

Color Line er ekki sammála lýsingu Eftirlitsstofnunar EFTA á viðskiptaháttum þess eða þeirri lagatúlkun sem bráðabirgðamat stofnunarinnar felur í sér. Það hefur engu að síður boðist til þess að taka á sig skuldbindingar í samræmi við 1. mgr. 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til þess að koma til móts við áhyggjuefni Eftirlitsstofnunar EFTA í bráðabirgðamati vegna samkeppnisatriða í tengslum við ofangreinda viðskiptahætti.

Skuldbindingarnar sem boðist var til að takast á hendur eru sáttin (24. ágúst 2015) og samningurinn sem gerður var í framhaldinu (7. september 2015) milli Color Line og sveitarfélagsins Sandefjord. Skuldbindingarnar sem Color Line og sveitarfélagið Sandefjord buðust til þess að taka á sig eru því samskonar.

Helstu atriði skuldbindinganna eru sem hér segir:

Sveitarfélagið Sandefjord veitir Fjord Line rétt til þess að stunda ferjuþjónustu í Sandefjord-höfn til 31. desember 2025. Réttur Color Line til þess að stunda ferjuþjónustu í Sandefjord-höfn skal háður því að Color Line fái úthlutað siglingatímum eins og lýst er hér að neðan.

Eftirfarandi siglingaáætlun mun gilda bæði fyrir Color Line og Fjord Line frá 1. október 2015 til 31. desember 2019 og er hluti af framkvæmd sáttarinnar.

Ferja	Brottför Sandefjord	Koma Strömstad	Brottför Strömstad	Koma Sandefjord
Color Line	07:00	09:30	10:00	12:30
Fjord Line	08:30	11:00	12:00	14:30
Color Line	10:00	12:30	13:40	16:10
Color Line	13:30	16:00	17:00	19:30
Fjord Line	15:20	17:50	18:30	21:00
Color Line	17:00	19:30	20:00	22:30

Þessi siglingaáætlun kemur í staðinn fyrir allar eldri ákvarðanir eða samninga sem varða siglingatíma.

Hvað Color Line varðar gilda þeir siglingatímar sem því hafa verið úthlutaðir samkvæmt framansögðu einungis til 31. desember 2019. Color Line skal samkvæmt dómssáttinni falla frá rétti sínum til þeirra siglingatíma sem því var úthlutað í siglingaáætluninni að framan frá 1. janúar 2020. ⁽²⁾

Fjord Line mun hins vegar hafa rétt á því að halda siglingum áfram í samræmi við þessa áætlun til 31. desember 2025.

Frá 31. desember 2019 skal sveitarfélagið Sandefjord úthluta siglingatímum sem eru á áætlun Color Line til ársloka 2019 fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2025. Þessi úthlutun skal gerð í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Úthlutun þessara siglingatíma skal fara fram á grundvelli

⁽²⁾ Sjá 1. viðauka við dómssáttina þar sem siglingatímar Color Line eru merktir með bláum og grænum lit.

viðmiðana sem sveitarfélagið ákveður og tilkynnt eigi síðar en 1. mars 2016 og skal umsóknarfrestur vera 1. september 2016. Viðmiðanirnar skulu standa vörð um grundvallarreglur um samkeppni og kröfur að því er varðar jafna meðferð og bann við mismunun og þær látnar gilda um núverandi aðila sem og alla nýja aðila.

Hvorugt skipafélagið skal eiga rétt á að nota Sandefjord-höfn til ferjuþjónustu ef sveitarfélagið Sandefjord óskar eftir því að nota höfnina í öðrum tilgangi frá 1. janúar 2026. Ef ferjuþjónusta verður haldið áfram frá höfninni eftir 31. desember 2025, skal sveitarfélagið setja viðmiðanir fyrir úthlutun siglingatíma fyrir 31. desember 2024.

Í tilkynningunni um viðmiðanir fyrir úthlutun þeirra siglingatíma (fyrir tímabilið 2020–2025) sem eru á núverandi áætlun Color Line ⁽³⁾, skal sveitarfélagið lýsa yfir að skipafélag sem fær úthlutað siglingatímum á því tímabili og sem hefur á grundvelli þeirrar úthlutunar tekið í þjónustu sína skip sem hefur verið breytt umtalsvert eða sérstaklega, eða nýtt skip, eiga forgangsrétt á því að halda siglingatímum fyrir það skip á meðan höfnin er opin fyrir ferjusiglingar, en þó ekki lengur en til 31. desember 2030.

Skuldbindingarnar sem boðist hefur verið til að takast á hendur eru birtar í heild á ensku á vef Eftirlitsstofnunar EFTA:

www.eftasurv.int

4 Auglýst eftir athugasemdum

Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka ákvörðun í samræmi við 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem gerir skuldbindingarnar sem Color Line hefur boðist til þess að taka á sig og sem lýst er að framan og birtar eru á netinu, á vef stofnunarinnar, bindandi fyrir Color Line.

Í samræmi við 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól gefur Eftirlitsstofnun EFTA öðrum aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að leggja fram athugasemdir um skuldbindingarnar. Athugasemdirnar verða að berast stofnuninni eigi síðar en einum mánuði eftir að tilkynning þessi birtist. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru beðnir um að senda einnig útgáfu af athugasemdunum án trúnaðarupplýsinga; atvinnuleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum skal eytt og í staðinn sett annaðhvort samantekt sem er ekki háð trúnaðarkvöðum eða orðin „[atvinnuleyndarmál]“ eða „[trúnaðarmál]“.

Svör og athugasemdir skulu helst vera rökstudd og fjalla um staðreyndir þær sem um er að ræða. Eftirlitsstofnun EFTA hvetur þá, sem telja tormeðni á einhverjum hluta þeirra skuldbindinga sem lagðar voru til, einnig til þess að stinga upp á mögulegri lausn.

Athugasemdir má senda Eftirlitsstofnun EFTA með tilvísunarnúmerinu 76958 Color Line/Sandefjord Municipality, annað hvort með rafpósti competition@eftasurv.int eða í pósti á eftirfarandi pósthfang:

EFTA Surveillance Authority
Competition and State Aid Directorate
Rue Belliard 35
1040 Bruxelles/Brussels
BELGIUM/BELGIQUE/BELGIË

⁽³⁾ Vísar til siglingatíma sem merktir eru með bláum og grænum línum í siglingaáætluninni í 1. viðauka dómssáttarinnar (siglingatímarnir sem eru á núverandi áætlun Color Line).

**Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA birt samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla
bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

2016/EES/24/02

(mál nr. 76958 – Color Line/sveitarfélagið Sandefjord)

Skuldbindingar sem sveitarfélagið Sandefjord býðst til þess að taka á sig

1 Inngangur

Samkvæmt 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið — í málum þar sem stofnunin hyggst taka ákvörðun í því skyni að binda enda á brot og þau fyrirtæki sem hlut eiga að máli bjóðast til þess að koma til móts við athugasemdirnar sem Eftirlitsstofnun EFTA gerir í bráðabirgðamati sínu — að gera þær skuldbindingar bindandi fyrir fyrirtækin. Unnt er að taka slíka ákvörðun með þeim hætti að hún gildi um tiltekið tímabil og skal hún fela í sér að ekki sé lengur ástæða til aðgerða af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA. Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól skal Eftirlitsstofnun EFTA birta stutt ágríp af málsatvikum og meginefni skuldbindinganna. Þeir sem eiga hagsmuna að gæta geta lagt fram athugasemdir innan þess frests sem stofnunin ákveður.

2 Ágríp af málsatvikum

Eftirlitsstofnun EFTA hóf 5. mars 2015 formlega málsmeðferð gegn sveitarfélaginu Sandefjord að því er varðar hugsanleg brot á 53. gr. og/eða 54. gr. EES-samningsins með því að ganga til og/eða staðfesta hafnarsamning við Color Line AS og/eða Color Transport AS og/eða Color Group AS („Color Line“) sem veitti þeim langtíma einkarétt, og/eða vernd að því er varðar siglingaáætlun sína sem hugsanlega leiddi til skaðlegra áhrifa á samkeppni að því er varðar farþegaferjuþjónustu á stuttum siglingaleiðum með sölu á tollfrjálsum varningi á milli Noregs og Svíþjóðar.

Gerð var dómsátt með samningi („sáttin“) milli sveitarfélagsins Sandefjord, Fjord Line AS („Fjord Line“) ⁽¹⁾, og Color Line, 24. ágúst 2015, samkvæmt 19. gr. norskra laga um sættir í einkamálum. Sáttin felur í sér lok málareksturs vegna einkamáls sem Fjord Line höfðaði gegn Color Line og sveitarfélaginu Sandefjord, sem m.a. hefur staðið yfir fyrir héraðsdómstól í Sandefjord. Í sáttinni er kveðið á um réttindi og skyldur sem hvíla á Fjord Line, Color Line og sveitarfélaginu Sandefjord, einkum að því er varðar siglingatíma frá höfnum Sandefjord og Strømstad og aðgangi að tilteknum innviðum hafna Sandefjord og Strømstad.

Afrit af sáttinni var send Eftirlitsstofnun EFTA hinn 24. ágúst 2015. Eftirlitsstofnun EFTA gerði í kjölfarið tiltekna fyrirvara við sáttina hvað varðar réttindin sem veitt voru Color Line og sveitarfélaginu Sandefjord. Til þess að bregðast við þessum fyrirvörum gekk sveitarfélagið Sandefjord til samninga við Color Line 7. september 2015, þar sem tilteknar skyldur og réttindi í tengslum við úthlutun siglingatíma frá Sandefjord-höfn voru endurskoðuð.

Í framhaldi af viðræðum um skuldbindingar við Color Line og sveitarfélagið Sandefjord 7. október 2015 gaf Eftirlitsstofnun EFTA út bráðabirgðamat í skilningi 1. mgr. 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem beint var til Color Line og sveitarfélagsins Sandefjord, í þeirri röð.

Í bráðabirgðamati sínu gagnvart sveitarfélaginu Sandefjord var það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að sveitarfélagið Sandefjord hefði stundað eftirfarandi viðskiptahætti sem kynni að brjóta gegn 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins.

Hafnarsamningarnir (eins og þeir voru fyrir sáttina sem gerð var 24. ágúst og 7. september 2015) milli sveitarfélagsins Sandefjord og Color Line hafa komið í veg fyrir að keppinautar Color Line ættu raunhæfan möguleika á því að komast að í ferjusiglingum milli Sandefjord og Strømstad. Með langtímasamningi sveitarfélagsins Sandefjord við Color Line og í framhaldi af einkarétti Color Line sem þegar hafði verið til staðar í óhófliga langan tíma, miðað við þær fjárfestingar sem hafðar voru til samanburðar, hélt Color Line áfram að áskilja sér álitlegasta siglingatímann og stóran hluta af afkastagetu Sandefjord-hafnar um mjög langt skeið.

Sveitarfélagið Sandefjord hefur því með því að gera langtímahafnarsamninga við Color Line, auk þess að staðfesta ætluð réttindi þess samkvæmt hafnarsamningunum, komið í veg fyrir raunhæfan möguleika á aðgangi og auknum umsvifum á þeim markaði sem um ræðir fyrir farþegaferjuþjónustu á stuttum siglingaleiðum með sölu á tollfrjálsum varningi á áætlunarleiðinni Sandefjord – Strømstad.

⁽¹⁾ Fjord Line er nýr aðili á viðkomandi markaði og kvartandi í málinu sem hér um ræðir.

3 Meginefni skuldbindinganna sem boðist var til að takast á hendur

Sveitarfélagið Sandefjord hefur boðist til þess að taka á sig skuldbindingar í samræmi við 1. mgr. 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til þess að koma til móts við áhyggjuefni Eftirlitsstofnunar EFTA í bráðabirgðamati vegna samkeppnisatriða í tengslum við ofangreinda viðskiptahætti.

Skuldbindingarnar sem boðist var til að takast á hendur eru sáttin (24. ágúst 2015) og samningurinn sem gerður var í framhaldinu (7. september 2015) milli Color Line og sveitarfélagsins Sandefjord. Skuldbindingarnar sem Color Line og sveitarfélagið Sandefjord buðust til þess að taka á sig eru því samskonar.

Helstu atriði skuldbindinganna eru sem hér segir:

Sveitarfélagið Sandefjord veitir Fjord Line rétt til þess að stunda ferjuþjónustu í Sandefjord-höfn til 31. desember 2025. Réttur Color Line til þess að stunda ferjuþjónustu í Sandefjord-höfn skal háður því að Color Line fái úthlutað siglingatímum eins og lýst er hér að neðan.

Eftirfarandi siglingaáætlun mun gilda bæði fyrir Color Line og Fjord Line frá 1. október 2015 til 31. desember 2019 og er hluti af framkvæmd sáttarinnar.

Ferja	Brottför Sandefjord	Koma Strömstad	Brottför Strömstad	Koma Sandefjord
Color Line	07:00	09:30	10:00	12:30
Fjord Line	08:30	11:00	12:00	14:30
Color Line	10:00	12:30	13:40	16:10
Color Line	13:30	16:00	17:00	19:30
Fjord Line	15:20	17:50	18:30	21:00
Color Line	17:00	19:30	20:00	22:30

Þessi siglingaáætlun kemur í staðinn fyrir allar eldri ákvarðanir eða samninga sem varða siglingatíma.

Hvað Color Line varðar gilda þeir siglingatímar sem því hafa verið úthlutaðir samkvæmt framansögðu einungis til 31. desember 2019. Color Line skal samkvæmt dómssáttinni falla frá rétti sínum til þeirra siglingatíma sem því var úthlutað í siglingaáætluninni að framan frá 1. janúar 2020. ⁽²⁾

Fjord Line mun hins vegar hafa rétt á því að halda siglingum áfram í samræmi við þessa áætlun til 31. desember 2025.

Frá 31. desember 2019 skal sveitarfélagið Sandefjord úthluta siglingatímum sem eru á áætlun Color Line til ársloka 2019 fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2025. Þessi úthlutun skal gerð í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Úthlutun þessara siglingatíma skal fara fram á grundvelli viðmiðana sem sveitarfélagið ákveður og tilkynnt eigi síðar en 1. mars 2016 og skal umsóknarfrestur vera 1. september 2016. Viðmiðanirnar skulu standa vörð um grundvallarreglur um samkeppni og kröfur að því er varðar jafna meðferð og bann við mismunun og þær látnar gilda um núverandi aðila sem og alla nýja aðila.

Hvorugt skipafélagið skal eiga rétt á að nota Sandefjord-höfn til ferjuþjónustu ef sveitarfélagið Sandefjord óskar eftir því að nota höfnina í öðrum tilgangi frá 1. janúar 2026. Ef ferjuþjónustu verður haldið áfram frá höfninni eftir 31. desember 2025, skal sveitarfélagið setja viðmiðanir fyrir úthlutun siglingatíma fyrir 31. desember 2024.

Í tilkynningunni um viðmiðanir fyrir úthlutun þeirra siglingatíma (fyrir tímabilið 2020–2025) sem eru á núverandi áætlun Color Line ⁽³⁾, skal sveitarfélagið lýsa yfir að skipafélag sem fær úthlutað siglingatímum á því tímabili og sem hefur á grundvelli þeirrar úthlutunar tekið í þjónustu sína skip sem hefur verið breytt umtalsvert eða sérstaklega, eða nýtt skip, eiga forgangsrétt á því að halda siglingatímum fyrir það skip á meðan höfnin er opin fyrir ferjusiglingar, en þó ekki lengur en til 31. desember 2030.

Skuldbindingarnar sem boðist hefur verið til að takast á hendur eru birtar í heild á ensku á vef Eftirlitsstofnunar EFTA:

www.eftasurv.int

⁽²⁾ Sjá 1. viðauka við dómssáttina þar sem siglingatímar Color Line eru merktir með bláum og grænum lit.

⁽³⁾ Vísar til siglingatíma sem merktir eru með bláum og grænum línunum í siglingaáætluninni í 1. viðauka dómssáttarinnar (siglingatímarnir sem eru á núverandi áætlun Color Line).

4 Auglýst eftir athugasemdum

Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka ákvörðun í samræmi við 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem gerir skuldbindingarnar sem Color Line hefur boðist til þess að taka á sig og sem lýst er að framan og birtar eru á netinu, á vef stofnunarinnar, bindandi fyrir Color Line.

Í samræmi við 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól gefur Eftirlitsstofnun EFTA öðrum aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að leggja fram athugasemdir um skuldbindingarnar. Athugasemdirnar verða að berast stofnuninni eigi síðar en einum mánuði eftir að tilkynning þessi birtist. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru beðnir um að senda einnig útgáfu af athugasemdunum án trúnaðarupplýsinga; atvinnuleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum skal eytt og í staðinn sett annaðhvort samantekt sem er ekki háð trúnaðarkvöðum eða orðin „[atvinnuleyndarmál]“ eða „[trúnaðarmál]“.

Svör og athugasemdir skulu helst vera rökstudd og fjalla um staðreyndir þær sem um er að ræða. Eftirlitsstofnun EFTA hvetur þá, sem telja torkerki á einhverjum hluta þeirra skuldbindinga sem lagðar voru til, einnig til þess að stinga upp á mögulegri lausn.

Athugasemdir má senda Eftirlitsstofnun EFTA með tilvísunarnúmerinu 76958 Color Line/Sandefjord Municipality, annað hvort með rafpósti competition@eftasurv.int eða í pósti á eftirfarandi pósthfang:

EFTA Surveillance Authority
Competition and State Aid Directorate
Rue Belliard 35
1040 Bruxelles/Brussels
BELGIUM/BELGIQUE/BELGIË

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/24/03

(mál M.7877 – Warburg Pincus/General Atlantic/Unicredit/Santander/SAM/Pioneer)

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. apríl 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hlutdeildarfélag bandaríska fyrirtækisins Warburg Pincus LLC („Warburg Pincus“), bandaríska fyrirtækið General Atlantic LLC („General Atlantic“), spænski bankinn Banco Santander, S.A („Santander“) og ítalska félagið Unicredit S.p.A. („UniCredit“) sameina eignastýringarekstur SAM Investment Holdings Limited („SAM“) og Pioneer Global Asset Management S.p.A. (ásamt dótturfélögum, en að undanskildu Pioneer Investment Management USA Inc. og bandarískum dótturfélögum þess, auk tiltekinnna annarra dótturfélaga þess („Pioneer“)), í sameiginlegu félagi sem gegnir að fullu almennum hlutverkum fyrirtækis og lýtur yfirráðum Warburg Pincus, General Atlantic, Santander og UniCredit. SAM er sameiginlegt félag Santander og hlutdeildarfélaga Warburg Pincus og General Atlantic. Pioneer lýtur yfirráðum UniCredit að fullu, sem stendur.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Warburg Pincus er framtakssjóður sem starfar víða um heim og stundar rekstur í gegnum fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjárfest í í margs konar atvinnugreinum, m.a. orku, fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, á neytendamarkaði og á sviði iðnaðar og viðskiptaþjónustu, auk tækni, fjölmiðlunar og fjarskipta
 - General Atlantic er framtakssjóður sem stundar rekstur í gegnum fyrirtæki sem hann hefur fjárfest í í margs konar atvinnugreinum, m.a. viðskiptaþjónustu, smásölu, á neytendamarkaði, í fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, neytendaþjónustu, netinu og tækni
 - Santander er móðurfélag alþjóðlegrar samsteypu banka- og fjármálaþjónustur sem aðallega starfa í Evrópu, Bandaríkjunum og rómönsku Ameríku
 - UniCredit er ítalskt móðurfélag bankasamsteypu sem veitir banka- og fjármálaþjónustu á Ítalíu og erlendis
 - SAM er eignastýringarekstur með starfsemi í tíu löndum, bæði í Evrópu og rómönsku Ameríku
 - Pioneer er eignastýringarekstur með starfsemi í Evrópu og í nokkrum löndum utan Evrópu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 144, 23.4.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7877 Warburg Pincus/General Atlantic/Unicredit/Santander/SAM/Pioneer, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/24/04

(mál M.7910 – Kesko/Onninen)

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. apríl 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnska fyrirtækið Kesko Oyj („Kesko“) öðlast með hlutabréfakaupum full yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í finnska fyrirtækinu Onninen Oy („Onninen“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Kesko: smásali með starfsemi í þremur meginviðskiptagreinum: i) matvöru, ii) byggingavöru og vöru til endurbóta á heimilum, auk sérvöru og iii) bílasölu
 - Onninen: m.a. dreifing á bygginga- og lagnavöru
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 144, 23.4.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7910 – Kesko/Onninen, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7949 – Norwegian/Shiphold/OSM Aviation)**

2016/EES/24/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. apríl 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið Norwegian Air Resources Holding Ltd („NARH“), sem lýtur yfirláðum norska fyrirtækisins Norwegian Air Shuttle ASA („Norwegian“), og kypverska fyrirtækið OSM Aviation Group Ltd („OSM Aviation Holding“), sem lýtur yfirláðum kypverska fyrirtækisins Shiphold Ltd („Shiphold“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í kypverska fyrirtækinu OSM Aviation Ltd („OSM Aviation“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - NARH: veitir þjónustu sem tengist áhöfnum og umsýslu með áhöfnum fyrir Norwegian sem stundar farþegaflutninga með flugvélum
 - OSM Aviation Holding: eignarhaldsfélag sem lýtur yfirláðum Shiphold sem stundar flutninga með skipum og á skip
 - OSM Aviation: félag sem hefur umsýslu með flugáhöfnum og veitir fulla þjónustu, m.a. ráðningar og umsýslu með bæði flugmönnum og þjónustuliði fyrir ýmis flugfélög
